

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 845 /2004/EB

2008/EES/22/45

frá 29. apríl 2004

um breytingu á ákvörðun nr. 163/2001/EB um framkvæmd áætlunar um menntun fagfólks í evrópskum hljóð- og myndmiðlaiðnaði (MEDIA – Menntun) (2001-2005) (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 4. mgr. 150. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun nr. 163/2001/EB komu Evrópuþingið og ráðið á MEDIA-áætlun um menntun fagfólks í evrópskum hljóð- og myndmiðlaiðnaði sem gildir frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2005.
- 2) Nauðsynlegt er að tryggja samfelldni í stefnu Bandalagsins til að styðja við evrópska hljóð- og myndmiðla-geirann að teknu tilliti til markmiðanna sem Bandalagið fylgir skv. 150. gr. sáttmálans.

- 3) Einnig er mikilvægt að framkvæmdastjórnin leggi fram fullkomna og ítarlega matskýrslu um MEDIA-áætlunina um menntun eigi síðar en 31. desember 2005 til þess að löggjafarvaldið hafi nægan tíma til að fjalla um tillögu að nýrri MEDIA-áætlun um menntun, sem áformað er að hefjist 2007, og til að fjárveitingavaldið geti metið þörfina á nýjum fjárhagsramma.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun nr. 163/2001/EB:

- 1) Í 1. gr. komi „31. desember 2006“ í stað „31. desember 2005“.
- 2) Í 5. mgr. 4. gr. komi 59,4 milljónir evra í stað fjárhagsrammans, sem er fastsettur við 52 milljónir evra, í samræmi við ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 786/2004/EB um breytingu á viðmiðunarfjárhæðum til að taka tillit til stækkunar Evrópusambandsins.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 29. apríl 2004

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. McDOWELL

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 195, 2.6.2004, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2005 frá 29. apríl 2005 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 46, 15.9.2005, bls. 43.)

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 10, 14.1.2004, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 23, 27.1.2004, bls. 24.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 12. febrúar 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 26. apríl 2004.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 26, 27.1.2001, bls. 1. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun nr. 786/2004/EB (Stjtið. ESB L.138, 30.4.2004, bls. 7).